

## Álagning fasteignagjalda á árinu 2024

### Fasteignaskattur

- a) Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis verði 0,31% af fasteignamati húsa og lóða.
- b) Fasteignaskattur sjúkrastofnana, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna verði 1,32% af fasteignamati og lóðarréttindum.
- c) Fasteignaskattur af öðru húsnæði en a) og b) lið verði 1,63% af fasteignamati húsa og lóða.

### Lóðarleiga

- d) Lóðarleiga verði 0,5% af fasteignamati lóða fyrir íbúðarhúsnæði.
- e) Lóðarleiga verði 2,8% af fasteignamati lóða vegna b) og c) liðar.

### Vatnsgjald

Vatnsgjaldið samanstendur af fastagjaldi á hverja matseiningu og gjaldi sem miðast við stærð eignar (fermetragjald). Hámark vatnsgjalds er 0,5% af fasteignamati matshlutar eignar. Liggi ekki fyrir upplýsingar um flatarmál fasteignar í fasteignaskrá skal gjaldið taka mið af fasteignamati, þ.e. vera 0,15% af fasteignamati matshluta. Bílskúrar og sambærilegt húsnæði sem stendur við íbúðarhús er undanþegið fastagjaldi.

- f) Vatnsgjald íbúðarhúsnæðis verði fast gjald kr. 11.964 pr. íbúð og kr. 179,40 pr. fermetra.
- g) Vatnsgjald af öðru húsnæði en íbúðum verði fast gjald kr. 23.929 pr. eign og kr. 179,40 pr. fermetra.

Árlegt vatnsgjald af frístundahúsi er kr. 11.964 og 179,40 pr. fermetra, þó aldrei lægra en kr. 33.890. Árlegt vatnsgjald fyrir bændabýli fylgir vatnsgjaldi fyrir íbúðarhúsnæði. Fyrir útihús er ekki greitt fastagjald á matseiningu en greitt hálf fermetragjald.

### Aukavatnsgjald

Auk vatnsgjalds, skulu fyrirtæki og aðrir, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, greiða aukavatnsgjald. Aukavatnsgjald skal að jafnaði innheimta samkvæmt mæli sem Norðurorka leggur til og er gjald fyrir mæli innifalið í fastagjaldi fyrir matseiningu. Mælur eru settir upp þar sem áætla má að vatnsnotkun sé mikil. Auk þessa er ákvæði í reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 sem heimilar innheimtu samkvæmt áætlun ef ekki er hægt að koma við mælingu.

Rúmmálgjald 32,15 kr./m<sup>3</sup>. fyrstu 100.000 m<sup>3</sup>.

Rúmmálgjald 31,24 kr./m<sup>3</sup>. eftir fyrstu 100.000 m<sup>3</sup> til 250.000 m<sup>3</sup>.

Rúmmálgjald 28,50 kr./m<sup>3</sup>. eftir fyrstu 250.000 m<sup>3</sup> til 450.000 m<sup>3</sup>.

Rúmmálgjald 26,32 kr./m<sup>3</sup> yfir 450.000 m<sup>3</sup> notkun á ársgrunni

Miðað er við ársnotkun.

### Vatnstökustútur

Árlegt vatnsgjald fyrir aðgang að vatnstökustút (meðal annars til vökvunar, brynningar dýra og þrifa) er kr. 34.121. Innifalið í gjaldi er opnun að vori og lokun að hausti ásamt hefðbundnu viðhaldi heimlagna. Árlegt vatnsgjald fyrir vatnstökustúta sem uppsettir voru fyrir 1. janúar 2018 er kr. 17.060.

### **Fráveitugjald**

Fráveitugjald samanstendur af fastagjaldi fyrir hverja matseiningu og gjaldi fyrir hvern fermetra samkvæmt fasteignamati. Bílskúrar og sambærilegt húsnæði sem stendur við íbúðarhús er undanþegið fastagjaldi. Liggi ekki fyrir upplýsingar um flatarmál fasteignar í fasteignaskrá skal gjaldið taka mið af fasteignamati, þ.e. vera 0,15% af fasteignamati matshluta. Hámark fráveitugjalds er 0,5% af fasteignamati en þó þannig að ætíð greiðist lágmarksgjald sbr. hér að neðan.

h) Árlegt fráveitugjald af íbúðarhúsnæði er fast gjald kr. 13.613 á íbúð og kr. 321,65 á hvern fermetra.

Árlegt fráveitugjald af öðru húsnæði en á íbúðum er fast gjald kr. 13.613 á matseiningu og kr. 321,65 á hvern fermetra.

### **Tengigjald**

Tengigjald vegna nýtengingar fráveitu við einstaka fasteign er kr. 305.927. Verð miðast við skólþ og regnvatnslögn 100-150 mm sem lögð er að lóðamörkum.

Gert er ráð fyrir að fjölbýlishús, par- og raðhús o.s.frv. séu með óskipta lóð og einungis ein tvöföld tenging sé fyrir hverja lóð. Sé óskað eftir fleiri tengingum inn á lóð greiðist það sérstaklega. Sé sótt um stærri heimlögn en getið er um hér að ofan þarf að snúa sér til Norðurorku með fyrirspurn um verð. Sama á við ef aðstæður eru óvenju erfiðar þannig að ætla má að tengikostnaður sé úr takti við almennar tengingar.

Vatnsgjald og fráveitugjald (holræsagjald) leggst á nýjar eignir þegar þær teljast foheldar skv. fasteignamati.

Almennir gjalddagar fasteignagjalda á árinu 2024 eru átta, 3. dagur hvers mánaðar frá febrúar til september. Gjalddagi fasteignagjalda, að lægri fjárhæð en 27.000 kr., er 3. febrúar 2024. Gjalddagar fasteignagjalda, sem lögð eru á nýjar eignir á árinu, eru jafn margir og almennu gjalddagarnir sem eftir eru ársins þegar álagning fer fram. Frá 1. september er einn gjalddagi vegna nýrra eigna, 3. dagur hvers mánaðar eftir álagningu.

Samþykkt í bæjarstjórn 5. desember 2023